



Varmahlíðarskóli

Vorskýrsla um skólahaaldið 2013-2014



Ábyrgðarmaður: Álfheiður Freyja Friðbjarnardóttir, skólastjóri

Innihald

Inngangur	3
Byrjendalæsi	5
Eineltisáætlun Olweusar.....	6
Erlent samstarf Comenius Regio	6
Félagsmál.....	8
Félagsmál 7. - 10. bekkjar	8
Árshátíð eldri nemenda.....	8
Árshátíð yngri nemenda.....	9
Foreldrafélag Varmahlíðarskóla	9
Forvarnir	10
Tóbakslaus bekkur.....	11
Gaman saman.....	11
Grænfáninn	11
Heilsueflandi grunnskóli	11
Heilsugæsla.....	12
Lestrarhesturinn	13
Náms- og starfsráðgjöf	13
Nýsköpunarkeppni grunnskóla 2014.....	13
Sérkennsla og stuðningur við nemendur	14
Nemendaverndarráð.....	15
Talmeinafræðingur.....	15
Sálfræðingur	15
Sjálfsmat	15
Skín við sólu Skagafjörður	16
Skólablaðið	17
Stóra upplestrarkeppnin.....	17
Stærðfræðikeppni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólans á Tröllaskaga	18
Sveitadagar	18
Unglingakór Varmahlíðarskóla	19
Valgreinar í 8. – 10. bekk	19
Vinaliðaverkefnið.....	20
Vorferðir	21



Vorferðalag 1. - 4. bekkjar	21
Skólaferð 5. bekkjar	21
Vorferð 6. og 7. bekkjar	22
Vorferð 8. bekkjar	22
Danmerkurferð 10. bekkjar	23
Bókasafn Varmahlíðarskóla	24
Starfsskýrsla veturinn 2013 - 2014	24
Útlán veturinn 2013 – 2014	25
Sumarlestur 2013	26

Inngangur

Skólinn í sveitinni er öflugur og skólasamfélagið er sterkur bakhjarl sem stendur vörð um skólann sinn. Skólastarfið í vetur einkenndist af mikilli virkni nemenda í fjölbreyttum verkefnum, jafnframt framúrskarandi árangri á mörgum sviðum.

Nýr skólastjóri tók við af Ágústi Ólasyni í lok júlí. Við starfinu tók Álfheiður Freyja Friðbjarnardóttir, kennari og lýðheilsufræðingur. Hún hefur starfað við deildarstjórn í Norðlingaskóla og Árbæjarskóla undanfarin ár.

Skólinn var settur við hátíðlega athöfn 28. ágúst og var athöfnin utan dyra eins og hefð er orðin fyrir. Nýr skólastjóri ávarpaði gesti og bauð nemendur í 1. bekk sérstaklega velkomna. Sem tákn fyrir nýtt upphaf og byrjun skólagöngunnar fengu þau afhent pennaveski að gjöf. Pennaveskin eru hönnuð og búið til af Sigrúnu Indriðadóttur á Stórhól. Stefán R. Gíslason flutti stutt ávarp fyrir hönd tónlistarskólans. Nemendur sem hófu skólagöngu voru 137 en fækkaði um tvo á skólaárinu. Samkensla árganga var í 1. og 2. bekk. Aldursskipting var þannig:

Bekkur	Fjöldi nemenda	Úr Akrahreppi
1.	6	1
2.	6	4
3.	14	4
4.	11	1
5.	15	5
6.	15	5
7.	14	2
8.	19	5
9.	23	7
10	14	6
Samtals:	137	40

Starfsmenn skólans voru 40 í vetur. Stjórnendur voru þrír, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu. Kennarar voru 19 í u.þ.b. 15 stöðugildum. Þar af eru tveir leiðbeinendur sem kenna verkgreinar. Við skólann starfa ritari, húsvörður og umsjónarmaður íþróttamannvirkja. Aðrir starfsmenn í íþróttahúsi eru þrír. Í mötuneyti starfa fjórir matráðar í 3.4 stöðugildum. Stuðningsfulltrúar voru fimm, þar af einn leikskólakennari. Skólaliðar eru fjórir í 3.4 stöðugildum. Einn nýr kennari var ráðinn til starfa, Hafdís Guðlaug Skúladóttir, umsjónarkennari í 4. bekk. Sigurlína H. Einarsdóttir fór í fæðingarorlof í janúar og í stað hennar voru ráðin þau Karl Lúðvíksson og Inga Bryndís Ingvarsdóttir, íþróttakennarar. Auglýst var eftir íþróttakennara til afleysinga næsta haust, jafnframt var auglýst eftir umsjónarkennara í 9. bekk og smíðakennara. Varmahlíðarskóli hélt áfram að hafa umsjón með kennslu við meðferðar- og skólaheimilið Háholt og voru þau Guðrún Helga Tryggvadóttir kennari og Kolbeinn Konráðsson við þau störf. Frá og með áramótunum s.l. tók fjölskyldu- og fræðsluvið yfir umsjón með kennslu og stuðningi í Háholti. Í vetur starfaði Helga Harðardóttir kennsluráðgjafi við skólann í 10% starfi. Hennar meginviðfangsefni í vetur hefur verið að halda utan um sjálfsmat skólans.

Skólaárinu var skipt í tvær annir og lauk hvorri önn með námsmati. Fjölbreytt skólastarf rúmaðist á þessum önnum og ber skýrsla þessi því góðan vitnisburð. Nemendur settu svip sinn í íþróttaiðkun innan og utan héraðs, létu til sín taka og hömpuðu verðlaunum sem einstaklingar og hópur. Fulltrúar skólans fengu fyrstu og önnur verðlaun í upplestrarkeppni 7. bekkinga í Skagafirði. Tveir nemendur í 9. bekk

komust í úrslit í stærðfræðikeppni 9. bekkja. Þátttakendur skólans hrepptu fyrsta sætið í Skólahreystimóti Norðurlands á Akureyri. Kepptu síðan í Reykjavík í úrslitum og voru með áttunda besta árangur af 12 bestu liðum landshlutanna. Þrír fulltrúar voru valdir til að taka þátt í úrslitum í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna í Háskólanum í Reykjavík. Fengu þeir allir viðurkenningar. Einn þeirra hampaði silfurverðlaunum fyrir hugmynd sína í einum flokknum og tók við verðlaunum af sjálfum forseta Íslands. Þá á eftir að nefna verðlaun fyrir verkefnið reyklus bekkur en 7. og 8. bekkur fengu verðlaun fyrir undirbúning og framkvæmd áhættuhlaupsins til að safna fyrir Krabbameinsfélag Skagafjarðar. Þess má geta að 7. bekkur var með 10. besta árangur á landinu í samræmda könnunarprófinu í íslensku haustið 2013.

Sumarið 2013 var gerð andlitslyfting á mötuneyti skólans. Sett var upp kerfisloft, salurinn málaður og settar upp nýjar gardínur. Í vetur var lokið við frágang á nýju kennslurými sem mun nýtast til kennslu fámennra hópa í unglingadeild.

Kynningarfundur um fyrirhugaðan flutning á leikskólanum Birkilundi í húsnæði skólans var haldinn í lok febrúar. Á þann fund mættu foreldrar og starfsfólk leik- og grunnskóla í Varmahlíð. Samstarfsnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps boðaði til fundarins. Sýndar voru teikningar og fluttar voru kynningar og hugmyndir. Fundargestir komu með fyrirspurnir og athugasemdir úr sal og í ræðustól. Í lok fundar gáfu fulltrúar sveitarfélaganna til kynna að næst yrði að skoða fleiri útfærslur og kostnað varðandi stækkun leikskólans á núverandi stað og halda síðan aðra kynningu.

Starf tónlistarskólans og Varmahlíðarskóla er í sama húsnæði og njóta báðir aðilar samstarfsins. Nemendur geta sótt sína tíma í tónlistarnáminu jafnframt kennslunni í grunnskólanum og þannig nýtt skólaaksturinn og lokið öllu námi innan þess tímaramma sem stundaskrá og akstur skólabíla markar. Þetta er ótvíræður kostur. Að þessu sinni stunduðu 48 nemendur nám við skólann. Er það fækkun frá fyrri árum sem skýrist af því að nú geta nemendur ekki valið að vera í hálfu námi eins og tíðkaðist.

Nemendur voru útskrifaðir úr bekkjum með prófskírteini við skólaslit þann 28. maí s.l. Fór sú athöfn fram í Miðgarði að viðstöddu fjölmenni og var hin hátíðlegasta. Nemendur 5. bekkjar fluttu skuggaleikrit samið upp úr ljóðinu *Skín við sólu Skagafjörður*. Þórólfur Gíslason f.h. Kaupfélags Skagafjarðinga, frumkvöðuls þessa verkefnis, flutti ávarp og afhenti nemendum 5. bekkjar bókaþöf. Ásdís Sigurjónsdóttir fyrrverandi kennari var kvödd og fyrir hönd samstarfsfólks flutti Ólafur Atli Sindrason kveðjuávarp og afhenti Ásdísi kveðjuþöf. Fulltrúar útskriftarnemenda spiluðu tónverk á fiðlur og fluttu ávarp og útskriftarnemendur veittu viðtöku viðurkenningum fyrir góðan námsárangur sem og einkunnum sínum. Formaður foreldrafélagsins afhenti nemendum styrk upp á 100 þúsund krónur sem ganga mun upp í tölvukaup til að nýta við kennslu. Að athöfn lokinni var gestum boðið til hefðbundins kaffisamsætis í mötuneyti skólans.

Varmahlíðarskóli leggur áherslu á faglegt, öflugt, fjölbreytt og sveigjanlegt starf með nemendum, foreldrum, starfsmönnum og grenndarsamfélaginu. Varmahlíðarskóli skilgreinir sig sem sveitaskóla í nútíð og framtíð þar sem áhersla er lögð á grenndarfræðslu og eru viðfangsefni kennslunnar samkvæmt því eins og kostur er. Auk þessa er leitað allra leiða til að aðlaga skólalald að samfélaginu í heimabyggð. Skólinn hefur svo sannarlega fest sig í sessi í samfélaginu og árið 2015 mun verða haldið upp á 40 ára starfsafmæli hans.

Í þessari skýrslu er getið um ýmsa afmarkaða þætti í skólastarfinu á liðnum vetri. Fjallað er um fjölmarga þætti skólastarfsins og þeim gerð skil. Höfunda er getið við hverja greinargerð. Er skýrsla

Þessi áhugaverð og upplýsandi um skólastarfið í Varmahlíðarskóla. Vert er að minna á heimasíðu Varmahlíðarskóla varmahlidarskoli.is. Þar gefur að líta ýmsan fróðleik og fréttir af skólastarfinu.

Við undirritaðar þökkum nemendum, foreldrum, samstarfsfólki, vinum og velunnurum fyrir samstarf, stuðning og samfylgd skólaárið 2013 – 2014 með von um heill og hamingju í sumar.

Varmahlíð 10. júní 2014,

Freyja Friðbjarnardóttir, skólastjóri

Kristvina Gísladóttir, aðstoðarskólastjóri

Byrjendalæsi

Kennsluaðferðin Byrjendalæsi var kennd í 1. - 3. bekk í vetur. Með henni er lestrarkennsla með öðru sniði en hefðbundin hljóðaaðferð. Aðferðin er samvirk þar sem unnið er með hlustun, lestur, tjáningu og ritun jöfnum höndum.

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta. Í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphafslegs texta. Í vetur byrjaði hver vika á lestri sögubókar. Unnið var með lykilorð upp úr bókinni og nemendum 1. bekkjar voru kenndir tveir stafir úr lykilorðinu. Lykilorðið var klippt í sundur og því raðað saman aftur og fundin orð í orðinu. Stafainnlögn var markviss tvo daga í viku, þá einn stafur í senn. Á mánudögum var sagan lesin. Á miðvikudögum var stöðvavinna með ýmiss konar verkefnavinnu. Á föstudögum var spjallað um bókina og síðan fórum við í hópaverkefni.

Alla vikuna var unnið með texta bókarinnar á mismunandi hátt, s.s. spil, krossgátur, orðasúpur eða sóknarskrift. Á föstudögum voru unnin ritunarverkefni, s.s. sögugerð, leikrit, söguvegur, bréfaskrift. Stundum var fönðrað og teiknaðar myndir. Nemendur unnu minna í hefðbundnum vinnubókum. Notaðar voru vinsælar barnabækur sem innihéldu litríkar myndir og merkingarbæran texta.

Formlegri stafainnlögn lauk í febrúar og þá var farið að vinna með hugtök eins og samsett orð, mismunandi merkingu sama orðs og rím.



Nemendur unnu oft í hópum eða hringekju. Kennarar eru sammála um að vinnugleði hafi einkennt nemendur en það var meiri hreyfing og erill í kennslustundum en með hefðbundinni kennsluaðferð. Með því að láta nemendur vinna í hópum þá myndast ákveðið svigrúm til að vinna ítarlega með einstaka nemendur.

Nemendur lásu í heimalestursbókum einu sinni á dag og var það eina heimavinnan sem tilheyrði Byrjendalæsi.

Lára Gunnís Magnúsdóttir og Sara Gísladóttir

Eineltisáætlun Olweusar

Í Varmahlíðarskóla var í vetur áfram unnið undir merkjum Olweusar, verkefnastjóri var Helga Harðardóttir kennsluráðgjafi. Sex lykilmenn, þeir Linda Gunnarsdóttir, Monika Borgarsdóttir, Sara Gísladóttir, Helga Rós Sigfúsdóttir, Helga Sigurðardóttir og Birgitta Sveinsdóttir störfuðu í skólanum í vetur ásamt oddvita sem var undirrituð. Vetrarstarfið var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Bekkjarfundir voru haldnir reglulega í öllum bekkjum. Eineltisreglur voru yfirfarnar í öllum bekkjum og hengdar upp í bekkjarstofum. Dagskrá í tífenni af degi gegn einelti var sett upp þannig að fyrst byrjuðu nemendur í umræðum með sínum umsjónarkennara þar sem lögð var áhersla á umburðarlyndi og virðingu, vinabekkir hittust og unnu saman diskaverkefni þar sem áhersla var á jákvæða eiginleika, farið var í íþróttahúsið þar sem allir fóru saman í leiki og endað var á því að faðma skólann. Mikil ánægja var með dagskrána sem heppnaðist afar vel.

Í haust var haldið upprifjunarnámskeið fyrir starfsfólk en einnig voru haldnir starfsmannafundir þar sem farið var yfir stöðuna í skólanum. Olweusarkönnun var lögð fyrir hjá nemendum í 4.-10. bekk. Niðurstöður úr könnuninni bárust í janúar og voru í kjölfarið kynntar á starfsmannafundi. Helstu niðurstöður voru einnig kynntar nemendum auk þess sem skoða má þær í gagnasafni á heimasíðu skólans.

Einn af lykilmönnum skólans, Sara Gísladóttir, sótti opið málþing um Olweusaráætlunina sem haldið var þann 22. nóvember. Það var haldið til að fagna áratugastarfi á Íslandi, litið var yfir farinn veg og reynslu miðlað.



Þess má geta að oddviti hefur sótt fundi hjá verkefnastjóra ásamt oddvitum hinna skólanna í firðinum. Þar hefur verið hægt að bera saman bækur sem og ræða ýmislegt þessu tengt. Það var svo ákveðið á vordögum að oddviti færi á verkefnastjóranámskeið og hefur hafið það nám sem er byggt upp á 8 lotum sem dreifist á tvö ár. Með því að fá aftur verkefnastjóra sem starfar inni í skólanum vonumst við til að starfið verði enn markvissara en verið hefur.

Kristvina Gísladóttir

Erlent samstarf Comenius Regio

Vorið 2012 fengu sveitarfélög Óðinsvéa í Danmörku og Skagafjarðar á Íslandi úthlutað styrk úr sjóði Menntaáætlunar Evrópusambandsins til Comenius Regio samstarfsverkefnis.

Verkefnið snýr að skólaskilum á milli leik- og grunnskóla. Tveir leikskólar og tveir grunnskólar í Skagafirði taka þátt í verkefninu, Ársalir, Birkilundur, Árskóli og Varmahlíðarskóli, en fulltrúar hans í verkefninu eru undirritaðar. Jafn margir skólar taka þátt í verkefninu í Óðinsvéum. Í báðum löndum er svo stýrihópur sem heldur utan verkefnið. Hver skóli á Íslandi á sinn vinaskóla í Danmörku. Okkar vinna hófst í janúar 2013 þegar Íslendingarnir fóru á upphafsráðstefnu verkefnisins í Óðinsvéum. Alls voru þetta 8 kennarar og 3 starfsmenn fræðsluþjónustu.

Í framhaldi af því, eða í mars, komu Danir í heimsókn til Íslands í svokallað „jobshadowing“ þar sem starfsmenn dvöldu í vinaskóla sínum, kynntu sér skólann og fylgdust með nemendum og starfsmönnum. Því næst fóru 8 kennarar frá Íslandi til sambærilegrar dvalar í Danmörku.

Á þessu skólaári hefur verkefnið svo haldið áfram og höfum við unnið í samvinnu við leikskólann Birkilund og höfum velt fyrir okkur hvernig við getum aukið samstarfið og samfellu í námi barnanna. Þetta er m.a. það sem við gerðum.

- Við skipulögðum fund þar sem saman kom starfsfólk beggja skólanna og fengum frá þeim hugmyndir um hvað hægt væri að gera.
- Eftirtalin atriði hafa nú þegar komist í framkvæmd til viðbótar við það sem áður var gert; skólahópur Birkilundar kom inn í dönsku, stærðfræði, byrjendalæsi og tónmennt með nemendum í Varmahlíðarskóla.
- Skólahópur kom og borðaði hádegismat í matsalnum.
- Skólahópur bauð foreldrum sínum í kynnisferð um Varmahlíðarskóla.
- Kennaraskipti þar sem hópstjóri elstu barna Birkilundar var einn dag í Varmahlíðarskóla og fylgdist með kennslu í 1. bekk og verðandi umsjónarkennari 1. bekkjar Varmahlíðarskóla var einn dag í Birkilundi og fylgdist með starfinu hjá væntanlegum nemendum.
- Skilafundur var að vori fyrir öll börn leikskólans. Í lok skólaársins hittust fulltrúar frá báðum skólunum og fulltrúar leikskólans og miðluðu upplýsingum um þau börn sem eru að fara úr leikskólanum í grunnskólann.
- Fulltrúar frá leikskólanum eru: hópstjóri elstu barna Birkilundar, deildarstjóri á deildinni þeirra og leikskólastjóri.
- Fulltrúar frá grunnskólanum eru: væntanlegur kennari 1. bekkjar, deildarstjóri sérkennslu og stjórnendur.
- Unnið hefur verið skilablað sem kennarar í Birkilundi ætla að fylla út næsta vor fyrir hvert barn sem þá mun ljúka leikskóladvöl. Þetta plagg mun fylgja börnunum upp í grunnskólann eftir að það hefur verið sýnt og undirritað af foreldrum.
- Við gerðum litla rannsókn meðal nemenda til að athuga hvort munur væri á nemendum Varmahlíðarskóla sem voru á Birkilundi og fóru í gegnum Gaman saman verkefnið og öðrum nemendum sem ekki tóku þátt í því.
- Við horfðum einnig til framtíðar og viljum hafa sameiginlegan starfsmannafund árlega þar sem tíminn yrði nýttur til að endurmeta það sem gert hefur verið, kynna það sem framundan er og fá fram hugmyndir um áframhaldandi þróun verkefnisins. Einnig væri gaman að hafa sameiginlega ársátíð eða eitthvað slíkt.

Samhliða þessu hafði umsjónarkennari 1. bekkjar samstarf við 1. bekkjarkennara úti í Odense þess eðlis að nemendur sendu ýmiskonar efni sín á milli og er vilji beggja að halda því góða samstarfi áfram.



Verkefninu lauk svo formlega með ráðstefnu sem haldin var hér í Skagafirði í maí síðastliðnum þar sem allir þátttakendur kynntu það sem þeir höfðu gert á tímabilinu. Var það afar fróðlegt og gefandi. Við teljum að þetta verkefni hafi skilað okkur og skólanum nýjum vinnubrögðum sem nýtast í framtíðinni auk víðsýni. Það er alltaf gott að fara annað og sjá hvað aðrir eru að gera og spegla sína vinnu í því og endurmeta hana.

Kristvina Gísladóttir og Lára Gunnús Magnúsdóttir

Félagsmál

Félagsmál 7. - 10. bekkjar

Veturinn 2013-2014 var starfandi nemendaráð við skólann eins og aðra vetur, það var skipað fimm nemendum úr 7. til 10. bekk. Fundir voru einu sinni í viku, á þriðjudögum í löngu frímínútnum. Nemendaráð skipulagði diskótekin og félagsstarfið almennt með Söru Gísladóttur, sem sá um að halda utan um félagsmálin í vetur fyrir hönd skólans. Starfsmaður frá Húsi frítímans kom til aðstoðar annan hvern fimmtudag í félagsmálin. Einu sinni í mánuði voru diskótek á fimmtudögum frá kl. 18:00-21:00. Þá daga voru félagsmál frá kl. 16:00 – 17:30 og matur kl. 17:30-18:00. Þá fimmtudaga sem voru bara félagsmál voru þau frá kl. 16:00-18:00. Félagsmál voru tvisvar í mánuði að jafnaði.

Ýmislegt var brallað í vetur í félagsmálunum, t.d. brjóstsykursgerð með Bryndísi heimilisfræðikennara, ullarfótbolti í íþróttahúsinu, rafting, páskaeggjaleit, „sleepover“ og margt fleira skemmtilegt. 20. maí var síðasti félagsmáladagurinn og þá var farið í rafting með Viking rafting niður Húseyjarkvíslina, lagt af stað kl. 3 frá skólanum og komum við í skólann aftur um kl. 5. Foreldrafélagið sá um að grilla handa okkur hamborgara og síðan var diskótek kl. 18-21. Borga þurfti 1000 kr. á mann í rafting og vorum við 66 talsins. Foreldrafélagið sá um að kaupa inn fyrir brjóstsykursgerð, rafting og hárgreiðslu og förðun.

Hús frítímans bauð einnig upp á að nemendur (í 4.-10. bekk) kæmu á föstudögum í hinar ýmsu smiðjur þar og svo gekk skíðastrætó nokkur skipti. Frístundastrætó gekk frá byrjun október til loka apríl á föstudögum kl. 13:20-17:00.

Nemendur í 8.-10. bekk tóku einnig þátt í hinum ýmsu félagsmálum á vegum Húss frítímans, t.d. Söngkeppni Friðar, Rímnaflæði, Stíl og margt fleira.



Næsta haust þarf að fara betur yfir skipulag félagsmála, fara vel yfir reglur með nemendum og alltaf þurfa að vera tveir á vakt. Nemendur í 7. bekk voru í smá prufukeyrslu í félagsmálum í vetur, fengu ekki að vera eins mikið með og verið hefur, það gekk ágætlega en foreldrar voru ekki ánægðir með þetta fyrirkomulag. Það skiptir mjög miklu máli fyrir þá sem eru á vakt varðandi fjölda hvort það eru þrjú bekkir eða fjórir í félagsmálum.

Sara Gísladóttir

Árshátíð eldri nemenda

Föstudagskvöldið 17. desember var árshátíð eldri nemenda haldin í Miðgarði. Að þessu sinni var settur upp söngleikurinn *Wake Me Up Before You Go Go* eftir Hallgrím Helgason í leikstjórn Helgu Rósar Sigfúsdóttur. Allir nemendur í 7.-10. bekk tóku þátt í uppsetningunni. Sviðsmenn voru Margrét Ósk Borgþórsdóttir, Rósa Björk Borgþórsdóttir, Sigríður Vaka Víkingsdóttir, Philip Adrian Kvalvik, Magnús Gunnar Mánason og Tobías Freyr Sigurjónsson. Ljósamaður var Einar Örn Einarsson, Andri Valur Ómarsson og Stefán Gísli Haraldsson sá um hljóðið. Sviðsmynd gerðu Íris Olga Lúðvíksdóttir,



Sveinn Brynjar Friðriksson, Einar Örn Einarsson og nemendur 7.-10. bekkjar. Nemendur útveguðu að mestu búninga sjálfir en eitthvað var fundið til í búningageymslu skólans. Jón Ólafsson sendi okkur undirspil af lögunum og nemendur í 9. og 10. bekk sömdu dansana við lögin.

Sigrún Benediktsdóttir gerði leikskrána. Prentaðar voru 250 leikskrár, og 27 voru afgang. Seldir voru 224 miðar á kr. 2500 en frítt var fyrir grunnskólanemendur og yngri. 350 mættu í kaffi eftir sýningu í matsal skólans.

Ball var haldið í Miðgarði frá kl. 22:00-00:30 fyrir 7.-10. bekk. Ballið var auglýst í Sjónhorni fyrir 8.-10. bekk í samráði við Frístundasvið. Sigvaldi og félagar spiluðu fyrir dansi og kostaði kr. 1000 inn á ballið. U.þ.b. 100 nemendur greiddu sig inn á ballið.

Árni Gunnarsson tók sýninguna upp og var mynddiskur seldur í skólanum á kr. 1500.

Helga Rós Sigfúsdóttir

Árshátíð yngri nemenda

Fimmtudaginn 10. apríl var árshátíð yngri nemenda haldin í Miðgarði. Sýnt var leikritið *Kardimommu-bærinn* eftir Thorbjörn Egner. Leikstjóri var Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir. Allir nemendur í 1. – 6. bekk tóku þátt í sýningunni. Leikritið var ákveðið í lok febrúar og þá var handritið pantað frá leiklist.is. Nemendur 6. bekkjar byrjaðu að æfa mánudaginn 31. mars og þar sem margir nemendur í 5. bekk voru með hlutverk bættust þeir í æfingaferlið miðvikudaginn 2. apríl. Nemendur 1. - 4. bekkjar fengu að vita hvaða lög þau þyrftu að læra og fengu svo danskennslu við lögin í fyrri vikunni. Á hádegi mánudaginn 7. apríl fóru svo allir bekkir í Miðgarð og æfðu þar.

Íris Olga, Orri, Sveinn Brynjar og Guðmundur húsvörður sáu um gerð sviðsmyndar, með hjálp frá því starfsfólki sem hafði tíma hverju sinni. Sviðsmenn voru Tobías Freyr, Ísak, Inga og Aron Ingi. Orri var ljósamaður og hljóðmaður var Friðrik Þór Jónsson. Búninga og leikmuni komu nemendur með að heiman, fengu í skólanum og/eða að láni hjá starfsfólki. Undirleikari var Stefán R. Gíslason.

Seldir voru 150 miðar á kr. 2000 fyrir fullorðna og 500 kr. fyrir grunnskólabörn í öðrum skólum. Mættu 330 í kaffi eftir sýningu í matsal skólans.



Leikskrárgerð var í höndum Sigrúnar Benediktsdóttur. Prentuð voru 150 stk. en 10-15 voru afgang. Skólablað var gefið út og selt á kr. 1000, prentuð voru 80 blöð og 28 voru afgang.

Árni Gunnarsson tók árshátíðina upp og var mynddiskurinn seldur í skólanum. Diskurinn kostaði kr. 1500.

Sara Gísladóttir og Sigrún Benediktsdóttir

Foreldrafélag Varmahlíðarskóla

Aðalfundur félagsins var haldinn í september, mæting var góð og í kjölfar aðalfundar voru ýmsar kynningar fyrir foreldra á vegum skólans og íþróttafélagssins Smára. Á aðalfundi voru kosnir bekkjarfulltrúar foreldra úr hverjum bekk og í lok nóvember sáu þeir um aðventuhátíð í skólanum. Eftir áramót funduðum við í stjórn foreldrafélagsins ásamt stjórn foreldrafélags leikskólans Birkilundar um fyrirhugaðan flutning leikskólans upp í Varmahlíðarskóla. Í febrúar fengum við foreldra nemenda úr 5.

bekk til að sjá um öskudagsskemmtun í íþróttahúsinu. Í apríl tókum við þátt í að fá fyrirlesarann Elínu Ebbu til að fjalla um geðrækt og var foreldrum boðið að koma á fyrirlestur. Á lokadegi félagsmála eldri nemenda í maí grilluðu foreldrar ofan í hópinn eftir raftingferð. Við höfum styrkt félagsmál eldri nemenda, til dæmis greitt fyrir ýmiss konar námskeið. Við styrktum nemendur skólans um kr 100.000.- núna í maí sem skal fara upp í kaup á far- eða spjaldtölvu fyrir nemendur. Skólastjóri mun ráðstafa þessum styrk. Á yfirstandandi skólaári höfum við fundað með skólastjórnendum og farið yfir verkefni skólaársins.

F. h. Foreldrafélags Varmahlíðarskóla
Helga Sjöfn Helgadóttir

Forvarnir

Í vetur var boðið upp á fræðslu fyrir nemendur í 8. - 10. bekk, foreldra þeirra og starfsfólk á vegum Marita fræðslunnar. Var gerður góður rómur að þessari fræðslu í hópi foreldra.

Þá tóku nemendur 7. bekkjar og 8. bekkjar þátt í verkefninu *Tóbakslaus bekkur* en til að eiga möguleika á fyrstu verðlaunum, þurfti bekkurinn að senda inn áhugavert efni tengt tóbaksvörnum. Að þessu sinni var ákveðið að vera með áheitahlaup en nánar má sjá um það í kafla hér á eftir. Þess má geta að verkefnið var eitt þeirra 10 verkefna sem hlaut verðlaun sem nema 5.000 krónum á hvern nemenda. Einu skilyrðin eru þau að peningarnir renni í bekkjarsjóð og séu nýttir með eða fyrir bekkinn.

Nemendur 3. bekkjar tóku þátt í árlegu Eldvarnaátaki Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) í vetur. Átakið felst í því að slökkviliðsmenn heimsækja nemendur 3. bekkjar í gunnskólum landsins og fræða þá um eldvarnir. Einnig er þeim gefinn kostur á að taka þátt í Eldvarnagetrauninni sem nemendur taka með sér heim og leysa í samvinnu við fjölskyldur sínar. Til okkar komu tveir vaskir menn, fulltrúar úr hvorum hópi og gekk heimsóknin mjög vel og mældist afar vel fyrir.

Nemendur 9. og 10. bekkjar fengu fyrirlestur um sjálfsmynd. Það voru þau Bjarni Fritzon afreksmaður í handbolta og meistaranemi í sálfræði og Kristín Tómasdóttir, sem er með BA-próf í kynjafræði og sálfræði auk þess að hafa unnið mikið með unglingsstúlkum og sjálfsmynd þeirra ásamt því að hafa gefið út þrjár fræðslubækur, sem voru með fyrirlesturinn. Þau kynjaskiptu hópnum og var það Bjarni sem fræddi strákana m.a. um mikilvægi góðrar sjálfsmyndar í lífinu og hvað það væru misvísandi skilaboð í umhverfinu varðandi til hvers er ætlast af drengjum og karlmönnum í dag en Kristín hitti stelpurnar og ræddi m.a. um styrkingu sjálfsmyndarinnar.

Eins og hefð er orðin fyrir luku nemendur í 10. bekk grunnnámskeiði í skyndihjálpi á vordögum. Var það Sigurlína H. Einarsdóttir sem kenndi það og tók það tvo kennsludaga.

Í vetur var markmið Heilsueflandi skóla verkefnisins að vinna með geðrækt en einnig var danskennsla á vordögum vegna styrkjar sem fékkst í þar til gert verkefni en nánar um þetta í öðrum kafla.

Þess má geta að áfram var unnið að forvarnaáætlun grunnskólanna í Skagafirði í vetur og verið er að leggja lokahönd á hana. Fyrirhugað er að leggja hana fyrir starfsfólk til samþykkis en vonast er til að hægt verði að vinna eftir henni frá og með næsta skólaári.

Kristvina Gísladóttir

Tóbakslaus bekkur

Í upphafi skólaárs var hugmyndin að svokölluðu áheitaþlaupi kynnt fyrir nemendum 7. og 8. bekkjar en þessu verkefni var fyrst hleypt af stokkunum fyrir tveimur árum. Nemendur tóku afar vel í hugmyndina og veltu fyrir sér ýmsum málefnum og stofnunum sem þau gætu mögulega styrkt, t.d. Heilbrigðisstofnun Skagafjarðar. Hins vegar var samdóma álit nemenda bekkjanna að styrkja Krabbameinsfélag Skagafjarðar og í kjölfarið fæddist sú hugmynd að áheitaþlaupið yrði framlag þeirra til samkeppninnar *Tóbakslaus bekkur*. Hlaupið fór fram þann 29. október síðastliðinn og hlupu nemendur sem voru 33 talsins um 65 km hring, þ.e. Varmahlíð, Sauðárkrókur, Hegranes, Blönduhlíð og Varmahlíð. Fyrstu hlaupararnir lögðu af stað kl. 10 að morgni en hlaupið var í formi boðhlaups og kom síðasti hópurinn um kl. 19 í Varmahlíð. Lögreglan fylgdi nemendum úr hlaði og tveir kennarar fylgdu þeim á bíl allan tímann en sá þriðji stóð vaktina í skólanum. Foreldrar fylgdu þeim styttri leiðir og slógust margir þeirra í för með þeim síðasta spölinn. Börnin stóðu sig einstaklega vel í hlaupinu en hvert þeirra hljóp um tíu til tuttugu kílómetra og þau allra hörðustu hátt í fjörutíu.

Söfnun áheita gekk afar vel og það voru stoltir nemendur sem afhentu fulltrúum Krabbameinsfélags Skagafjarðar, með pomp og prakt, rúma milljón króna. Óhætt er að segja að þar endurspeglast góður og samhentur hugur samfélagsins gagnvart þessu málefni.

Helga Rós Sigfúsdóttir og Sigríður Ólöf Þóra Sigurðardóttir

Gaman saman

Gaman saman er samstarfsverkefni grunn- og leikskóla. Það byggir á gagnkvæmum heimsóknum milli skólahóps leikskólans og allra bekkja grunnskólans. Markmiðið er að auka félags- og tilfinningaþroska nemenda og undirbúa skólahóp leikskólans fyrir skólaveru. Þetta verkefni hefur gengið mjög vel og ýmsir bekkir skólans hafa farið í heimsókn á leikskólann. Þar hefur verið leikið, lesið og sungið. Skólahópurinn hefur m.a. komið í textílmennit með 3. bekk, myndmennt með 7. bekk, náttúrufræði með 10. bekk, og tölvukennslu með 1. og 2. bekk.

Einnig hafa yngstu bekkir skólans og skólahópur leikskólans farið saman í vettvangsferðir um nágrenni skólanna að vori og hausti. Skólahópurinn hefur fengið að koma á lokaæfingu fyrir litlu jóli skólans og einnig fyrir árshátíð yngri nemenda. 1. og 2. bekkur fóru á útskrift skólahóps. Teljum við þetta verkefni hafa gengið mjög vel og ekkert nema gleði og gaman sem hefur fylgt því.

Birgitta Sveinsdóttir, Lára Gunnís Magnúsdóttir og Sara Gísladóttir

Grænfáninn

Haustið hófst á því að boðað var til umhverfisfundar og næstu skref ákveðin. Nemendur kusu í nýtt umhverfisráð en lítið gerðist í framhaldi af því. Ekki komst á fundur með öllu umhverfisráði og má segja að grænfánavinna hafi setið á hakanum allt árið.

Íris Olga Lúðvíksdóttir

Heilsueflandi grunnskóli

Samstarfshópurinn hittist á fundi í haust og farið var yfir markmið vetrarins. Nýir nemendur komu inn, það voru Ingunn Ingólfssdóttir og Kolbrún Birna Jökulrós Þrastardóttir. Aðrir í hópnum eru Álfheiður

Freyja, Sigurlína, Sigfríður, Hafdís Edda, Laufey Haraldsdóttir, Lára Gunndís og Bryndís. Eftir áramót leysti Karl Lúðvíksson Sigurlínu af.

Markmið vetrarins er að vinna með geðrækt. Komið var upp geðveika horninu í setustofunni. Þar var að finna verk nemenda um mál er varða geðrækt, einnig bæklinga sem hægt er að taka með sér um geðrækt.

Unnið var með geðorðin tíu í bekkjum og afrakstur kynntur fyrir öllum skólanum. Elín Ebba Ásmundsdóttir var með fyrirlestur fyrir starfsmenn og annan fyrir foreldra.

Danskennsla var á vordögum og nýttur var styrkur úr Lýðheilsusjóði til að greiða hana. Verkefnið heitir „Heilsuefling í Varmahlíðarskóla“. Markmið þessa verkefnis er að auka hreyfingu og heilbrigða lífshætti meðal nemenda í skólanum. Boðið var upp á salatbar með hádegismatnum einu sinni í viku, og var mikil ánægja með hann.



Unnið var að upplýsingum á heimasíðu skólans um verkefnið. Einnig var unnið að stefnumótun varðandi heilsueflingarþáttinn geðrækt.

Áfram var unnið með þætti frá fyrri árum:

- Matseðlar voru lesnir yfir og hefur fiskneysla aukist í skólanum.
- Haldið var áfram með samstarf við eldri borgara á Löngumýri. Farið var í tvær heimsóknir, 10. bekkur fyrir jólin og 7. bekkur eftir jólin. Þar var sungið, lesið og spilað fyrir fólkið og tekið í spil með þeim.

Sótt hefur verið um styrki til verkefnisins undanfarin tvö ár. Samtals hafa fengist 400 þúsund krónur frá Lýðheilsusjóði til heilsueflingar nemenda og starfsfólks.

Bryndís Bjarnadóttir, Lára Gunndís Magnúsdóttir

Heilsugæsla

Viðvera hjúkrunarfræðings í Varmahlíðarskóla var einu sinni í viku, þriðjudaga frá kl. 9:00 - 12:00.

Verkefni hans eru m.a. líkamsskoðanir hjá nemendum í 1., 4., 7. og 9. bekk, bólusetningar samkvæmt skema frá Landlæknisembættinu, flúorskolanir í 1., 7. og 10. bekk og hafa skólaliðar aðstoðað við skolunina. Þá er heilbrigðisfræðsla í 1. og 2. bekk þar sem fjallað er m.a. um handþvott, tannvernd og fræðslu um hjálma, kynfræðsla og fræðsla um kynheilbrigði í 6., 7., 9. og 10. bekk. Fræðslan er í samráði við bekkjarkennara, náttúrufræðikennara, heimilisfræðikennara og fleiri.

Á viðverutímanum leita nemendur til hjúkrunarfræðings með ýmis mál. Algengast er eftirlit með smásárum, minni háttar tognunum og þess háttar, beiðnir um eftirlit eins og t.d. að mæla hæð og þyngd sem og að athuga sjónskerpu.

Margrét Stefánsdóttir

Lestrarhesturinn

Í nóvember hófst lestrarátak í skólanum sem standa skyldi mestallan veturinn. Lestrarhestur sem Sveinn Brynjar smíðakennari bjó til brokkaði á milli bekkja og stoppaði eina viku í senn. Hver lesin bók gildi sem einn kílómetri á leið hestsins kringum Ísland en seinna var því breytt í 50 blaðsíður. Færa átti lesna kílómetra inn á stórt Íslands-kort sem hangir niðri í anddyri og hún Íris Olga myndmenntakennari hannaði en ekki náðist að útfæra það í tæka tíð. Lögð var áhersla á að bekkurinn læsi sem heild en ekki hvað hver einstaklingur las.



Í allan vetur hefur lestrarhesturinn svo verið á ferðinni í skólanum og heimsótt flesta bekki tvisvar. Á meðan hafa nemendur bekkjarins lesið eins og þeim sé borgað fyrir og reynt að koma hestinum sem lengst áleiðis á ferðum hans um landið. Starfsfólk hefur einnig lagt sitt að mörkum og lestrarhesturinn tvisvar haft viðdvöl hjá því. Nokkuð voru útreikningar á reiki en telja má nokkuð öruggt að klárinn hafi komist hringveginn um landið með glæsibrag. Er það mál manna að þetta ferðalag hafi hvatt mjög til bóklestrar. Næsta vetur er fyrirhugað að halda ferðinni áfram og taka það heldur fastari tökum, þar sem hver bekkur setji sér markmið og ferðum hestsins verði m.a. gerð skil á heimasíðu skólans.

Ragnheiður Sövik

Náms- og starfsráðgjöf

Þetta skólaár gekk ekki að ráða náms- og starfsráðgjafa við skólann. Ætlunin var að ráða til okkar sem og í Grunnskólann austan Vatna en því miður gekk það ekki eftir. Því var verkefnum dreift eftir bestu getu. Umsjónarkennarar sáu um einstaklingsviðtöl við sína nemendur, fræðsla um nám og störf og framhaldsskólakerfið fór fram í lífsleiknitímum hjá 9. og 10. bekk. Einnig var ákveðið að Selma Barðdal uppeldis- og sálfræðiráðgjafi yrði með fasta tíma hér eða annan hvorn miðvikudag. Hún kom þá meira inn í vinnu með samskipti og hópefli í bekkjum sem og einstaklingsmál auk þess að sitja Nemendaverndarráðsfundi.

Haldinn var kynningarfundur í samstarfi við FNV þar sem nemendur 10. bekkjar og foreldrar þeirra fengu annars vegar kynningu á framhaldsskólakerfinu og hins vegar kynningu á FNV. Einnig gafst 9. og 10. bekkjum kostur á að kynna sér námsframboð og húsakynni VMA og MA þegar farið var á undankeppni Skólahreysti á Akureyri.

Einnig fóru 10. bekkingar í starfskynningar á vordögum en þá gátu nemendur kynnt sér tvö fyrirtæki eða starfsgreinar. Það voru lífsleikni.- og Umsjónarkennari sem héldu utan um það.

Kristvina Gísladóttir

Nýsköpunarkeppni grunnskóla 2014

Tilgangur keppinnar er að efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og hvernig megi þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir.

Í vetur tókum við þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda eftir nokkurra ára hlé. Verkefnið var kynnt nemendum í 5., 6. og 7. bekk, þar sem farið var inn á heimasíðu keppinnar og skoðuð myndbönd og kynningarefni. Nemendur höfðu frjálst val um hvort þeir tækju þátt eða ekki, en langflestir kusu að taka þátt, ýmist sem einstaklingar eða í þörum. Þá fengu nemendur tíma með kennara í kennslustundum í náttúrurfræði til að vinna að hugmyndaþróun í tvær vikur. Ef hugmyndin var ekki fullunnin að þeim tíma liðnum, fóru nemendur með verkið heim og fullunnu það þar. Héðan úr skólanum fóru rétt tæplega 50 hugmyndir frá þessum þremur bekkjum.

Það kom svo á daginn, að þrír nemendur úr Varmahlíðarskóla, allir úr 7. bekk, komust áfram í keppninni. Það voru þeir Ari Óskar Víkingsson og Andri Snær Tryggvason með hugmyndina að hlaupahjólátösku og Þórir Árni Jólsson með hugmynd að göngubrú fyrir fé og fólk. Voru þeir í hópi 49 umsækjenda sem komust áfram af 1800 og fengu að fara í vinnusmiðju í Háskóla Íslands í tvo daga. Í vinnusmiðju NKG beittu hugmyndasmiðirnir sköpunargáfu sinni við að útfæra hugmyndir sínar í það form sem lýsir henni best, með smíðum, saumum, teikningum, forritun og framsögupjálfun. Til leiðsagnar voru kennarar og nemendur HR og HÍ, fulltrúar frá SKEMA, FAFU og JCI á Íslandi.

Í lokahófi voru veitt verðlaun í þremur aðalflokkum. Þórir Árni Jólsson hrepti silfurverðlaun fyrir hönnun sína í flokknum Sköpunarkraftur, frumkvæði og uppfinningagleði og tók við verðlaunum af sjálfum forsetanum Ólafi Ragnari Grímssyni. Hann hannaði „Ferðabru fyrir fé og fólk“.



Nokkrir þátttakenda kynntu sín verkefni við hátíðahöldin. Þar á meðal voru Andri Snær Tryggvason og Ari Óskar Víkingsson sem kynntu hugmynd sína og útfærslu á hlaupahjólátösku. Þeir fengu bikar fyrir góða framsögn og upplýsingamiðlun sem JC á Íslandi veitir einum keppanda ár hvert.

Birgitta Sveinsdóttir



Sérkennsla og stuðningur við nemendur

Til að mæta ólíkum þörfum nemenda býður Varmahlíðarskóli upp á sérkennslu og stuðning af ýmsu tagi. Sérkennsla og stuðning við nemendur annast kennarar, sérkennari og stuðningsfulltrúar skólans. Sérkennslan getur verið kennsla einstaklinga eða lítilla hópa og fer fram í almennum kennslustofum sem og í sérkennslustofum. Stuðningsfulltrúar vinna með kennurum og veita einstökum nemendum stuðning, jafnt í kennslustofum sem utan þeirra, t.d. í matsal, í frímínútum og í íþróttahúsi. Umsjón með sérkennslu/stuðningi hefur deildarstjóri sérkennslu, Sara Regína Valdimarsdóttir.

Til grundvallar stuðningi liggur mat á stöðu einstakra nemenda, unnið innan skólans, eða greining frá viðurkenndum greiningaraðilum, svo sem sérkennara (lestrargreining) og/eða sálfræðingi Fræðsluþjónustu Skagafjarðar, Greiningarstöð ríkisins og öðrum.

Einn liður í að greina erfiðleika og þörf fyrir stuðning er að skima nemendahópa. Kennarar skólans nýta sér skimunarpróf úr Skagfirsku skimunarmöppunni en allir grunnskólar Skagafjarðar vinna skv. henni. Hér er yfirlit yfir þau skimunarpróf og prófniðurstöður sem skólinn nýtti sér s.l. skólaár:

- Læsispróf Námsgagnastofnunar í 1. og 2. bekk að hausti og vori, einnig Lesmál að vori í 2. bekk.
- LOGOS lestrarskimun í 3. bekk.
- Hraðapróf í lestri (atkvæðapróf) 4-5 sinnum að vetri í 2.-7. bekk.
- Talnalykill (stærðfræðiskimun) að hausti í 3. og eftir áramót í 6. bekk.
- Lesskilningsprófið Orðarún að hausti í 3.-8. bekk.
- Aston Index stafsetningarathugun í 2.-7. bekk.
- GRP14 athugun sem gefur vísbendingar um lestrar/skriftarörðugleika að hausti í 9. bekk.
- Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk.

Úrræði skólans við sérkennslu/stuðning eru margvísleg og miðast við hvern og einn einstakling eða hóp. Nefna má málörvun, aðlögun námsefnis, notkun kennsluforrita, notkun hljóðefnis og myndefnis á Netinu, notkun vinnubóka á rafrænu formi og notkun Easy Tutor hljóðgervils. Stundum fá nemendur fleiri verklegar greinar í stað bóklegra ef það hentar þeim betur, einnig aðstoð og utanumhald við heimanám. Þá fá nemendur stuðning í prófum/námsmati ef óskað er, svo sem upplestur spurninga og skriftaraðstoð, munnleg próf, lengdan tíma og næði í sérstofu.

Lagt er kapp á gott samstarf við heimili nemenda því samhent vinnubrögð og opin umræða eru forsendur þess að góður árangur náist við stuðninginn. Í flestum tilfellum eru haldnir reglulegir teymisfundir með foreldrum, stuðningsaðilum innan skólans og deildarstjóra sérkennslu auk þess sem aðrir aðilar koma inn á fundi, svo sem ráðgefandi þroskaþjálfari frá Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar, talmeinafræðingur og sjúkraþjálfari.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð kom saman að jafnaði á 6 vikna fresti á starfstíma skólans.

Fundi ráðsins sátu: skólastjórnendur, deildarstjóri sérkennslu, skólasálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúi frá Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar. Megintilgangur ráðsins er að bæta upplýsingaflæði á milli aðila sem vinna með nemendur sem eiga í erfiðleikum og leita ráða til úrbóta.

Talmeinafræðingur

Á vegum Fræðsluþjónustu Skagafjarðar er starfandi talmeinafræðingur. Hann kom tvisvar í mánuði í Varmahlíðarskóla og sinnti nemendum auk þess að veita ráðgjöf til kennara og stuðningsaðila.

Sálfræðingur

Sálfræðingur frá Fræðsluþjónustu Skagafjarðar hefur viðveru í skólanum, að jafnaði einu sinni í viku.

*Sara R. Valdimarsdóttir,
deildarstjóri sérkennslu.*

Sjálfsmat

Með sjálfsmati skólans fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Árangur skólans í einstökum þáttum er metinn þar sem markmið skólans eru lögð til grundvallar sem viðmið. Í matsferlinu eru sterkir og veikir þættir skólastarfsins dregnir fram. Leitað er leiða til að viðhalda sterku þáttunum og efla þá enn frekar. Brugðist er við veikum þáttum með því að setja fram þróunaráætlun sem felur í sér umbætur á viðkomandi þætti í skólastarfinu. Þannig á sjálfsmatið ætíð að stuðla að umbótum í

skólastarfi. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá að gera góðan skóla betri. Sjálfsmat skóla er því leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun og vexti hvers skóla.

Í sjálfsmatsteymi eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, fulltrúi kennara og fulltrúi starfsmanna ásamt kennsluráðgjafa. Hlutverk þess er að fylgja eftir matsáætlun skólans, rýna í matsþætti og hafa umsjón með eftirfylgni þróunaráætlana.

Á skólaárinu var unnið samkvæmt þriggja ára áætlun um innra mat skólans með sjálfsmatsaðferðum skólans, Gæðagreinum 2. Starfsfólk hittist í október, febrúar og apríl og vann í hópum að matinu. Helstu þættir vörðuðu árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi sem og þættir er lúta að starfsfólki; Starfsþróun, nýting mannafla, mönnun, ráðningar og stöðugleiki. Jafnframt var útbúinn sérstakur matskafla fyrir kennara er lúta að lykilhæfnimarkmiðum nýrrar aðal-námskrár. Rýnt verður í niðurstöður og unnið með tillögur að úrbótum á næstu misserum.

Olweusarkönnun var lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk í nóvember. Foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk í janúar. Könnunin var lögð fyrir á samráðsdegi og foreldrar svöruðu spurningum um skólastarfið með rafrænum hætti í tölvuveri skólans. Í apríl var lögð könnun fyrir nemendur í 4., 7. og 10. bekk. Árleg skimun var lögð fyrir allt starfsfólk skólans í maí.

Niðurstöður foreldra- og nemendakannana er að finna á vef skólans, <http://www.varmahlidarskoli.is/> undir hlekknum skólastarfið. Sjálfsmatsskýrsla skólans er gefin út árlega og birt á heimasíðu skólans.

Freyja Friðbjarnardóttir

Skín við sólu Skagafjörður

Þennan þriðja vetur sem verkefnið „Skín við sólu Skagafjörður“ er lagt fyrir 5. bekk var unnið með ljóðið á ýmsan hátt. Við lásum öll 13 erindin og nýttum okkur námstækni úr „Orð af orði“ aðferðinni. Við lásum fyrst í gegnum öll erindin, þá voru þau klippt niður, orð fyrir orð, og nemendur límdu ljóðin rétt saman upp á nýtt. Erfið og torskilin orð voru tekin fyrir og þau skráð á miða. Þá var erindunum varpað upp á vegg og sameiginlega farið í gegnum ljóðin og miðana og erfiðu orðin útskýrð. Við lásum hluta úr Grettissögu til að skilja betur ljóðin um Glám og Gretti, en þau vöktu sérstaka athygli nemendanna. Nemendur lærðu fyrsta og síðasta erindið utan að og æfðu sig að syngja þau. Þá voru 3 erindi tekin fyrir og þau túlkuð í formi skuggamynda - það voru 3. erindi (Mælihnjúkur himinhái), 4. erindi (Heill þér gamli Glóðafeykir) og 9. erindi (Stendur ógn af augum fráum). Þær Helga Rós Sigfúsdóttir, tónmennta-kennari og Íris Olga Lúðvíksdóttir, myndmenntakennari, voru okkar helstu leiðsagnarmenn í vinnunni við skuggaleikhúsið. Var skuggaleikritið sýnt á skólaslitum og þar sungu krakkarnir einnig fyrsta og síðasta erindið við undirleik Stefáns R. Gíslasonar.

Skólaferð 5. bekkjar að vori, var að þessu sinni helguð ljóðinu Skín við sólu. Við fórum hring um Skagafjörð, þar sem ekið var sem leið lá frá Varmahlíð og út á Hofsó. Þaðan ókum við svo um Blönduhlíðina og heim í Varmahlíð á ný. Í ferðinni voru krakkarnir með lista yfir sögustaðina í ljóðinu og áttu að merkja við, hvaða staði við sækjum í ferðinni. Kom í ljós að við náðum að sjá 19 staði af 28. Síðasti viðkomustaður í ferðinni var hjá Sigurði Hansen, bónda á Kringlumýri. Hann bauð okkur inn í Kakalaskála og sagði okkur sögu Skagafjarðar í grófum dráttum og studdist um leið við myndirnar sem hanga uppi í skálanum. Var það mjög fróðlegt og skemmtilegt. Sigríður Garðarsdóttir var sérlegur aðstoðarmaður okkar í þessari ferð.



Birgitta Sveinsdóttir

Skólablaðið

Gefið var út Skólablað að venju en prentuð voru 80 eintök og af þeim seldust rúmlega 50 stykki. Fjögur eintök fóru til þeirra sem keyptu auglýsingu á bakhlið þ.e. Arion banki, Vélaval, Hótel Varmahlíð og KS Varmahlíð. Blaðið var selt á 1.000 kr.

Sigrún Benediktsdóttir

Stóra upplestrarkeppnin

Líkt og áður tók 7. bekkur Varmahlíðarskóla þátt í *Stóru upplestrarkeppninni* í ár en hún hófst að venju 16. nóvember á Degi íslenskrar tungu. Í haust æfðu nemendur sig af kappi fyrir dagskrá sem þeir tóku þátt í með Skagfirska kammerkórnum á Löngumýri. Þar fluttu þeir erindi um lífshlaup Þorsteins Erlingssonar skálds og gátu sér góðan orðstír. Auk þess dreifðu nemendur bæklingi sem þeir gerðu um skáldið.



Fimmtudaginn 13. mars fór síðan fram undankeppni Stóru upplestrarkeppninnar í Varmahlíðarskóla. Allir nemendur 7. bekkjar, fjórtán talsins, kepptu til úrslita og stóðu þeir sig allir með mikilli þryði. Þeir nemendur sem báru sigur úr býtum voru þau Ari Óskar Víkingsson, Friðrik Snær Björnsson og Þórkatla B. S. Prastardóttir auk Dalmars Snæs Marinóssonar sem var valinn varamaður.

Tilgangur keppninnar er að efla áhuga og færni nemenda í upplestri og bókmenntum. Nemendur æfðu upplestur af miklum móð í allan vetur en í keppninni lásu þeir upp texta og ljóð að eigin vali. Dómarar keppninnar voru þær Álfheiður Freyja Friðbjarnardóttir, Laufey Leifsdóttir og Ragnheiður Sövik.

Lokahátíð í héraði fór fram 19. mars í bóknámshúsi FNV þar sem fulltrúar grunnskóla Skagafjarðar kepptu til úrslita. Þar komu fulltrúar Varmahlíðarskóla, sáu og sigruðu ef svo má að orði komast. Árangur þeirra var í stuttu máli framúrskarandi þar sem Ari Óskar Víkingsson hreppti 1. sæti og Friðrik Snær Björnsson 2. sætið.

Þá var 7. bekk boðið að lesa upp fyrir eldri borgara að Löngumýri í vor. Þar lásu nemendur ýmist ljóð að eigin vali eða laust mál. Nemendur nutu sín vel með eldri borgurum og stóðu sig með ágætum.

Sigríður Ólöf Þóra Sigurðardóttir

Stærðfræðikeppni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólans á Tröllaskaga

Nemendur í 9. bekk tóku þátt í stærðfræðikeppni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólans á Tröllaskaga. Tilgangurinn með þessari keppni er að auka áhuga nemenda á stærðfræði og þrautalausnum og efla tengsl grunnskóla á Norðurlandi vestra við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólann á Tröllaskaga. Öllum nemendum í 9. bekk á Norðurlandi vestra, í Fjallabyggð og á Dalvík var boðin þátttaka. Af 15 nemendum sem komust áfram eftir forkeppnina voru tveir nemendur úr Varmahlíðarskóla. Úrslitakeppnin fór svo fram föstudaginn 2. maí í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Sveitadagar

Undanfarin ár hafa nemendur unnið vorverkefni sem byggjast á veru í sveit og er þeim ætlað að sinna störfum þar. Eins og síðastliðið ár, tóku allir nemendur skólans þátt í verkefninu. Sveitadagarnir voru fjórir að þessu sinni, þar sem vinnustöðvunardagur kennara kom inn í vikuna. Nemendum var ætlað að sinna ýmsum störfum í sveitinni og skrifa dagbók um hvað á daga þeirra hafi drifið auk þess að svara nokkrum spurningum. Flestir nemendur unnu heima en aðrir voru í vist hjá vinum og vandamönnum. Nemendur og viðtakendur þeirra þurftu að fylla út matsblað um hvernig gekk og er óhætt að segja að allir sem þeim svoruðu hafi verið mjög jákvæðir og tilbúnir í svona verkefni að ári. Samkvæmt matsblaðinu voru nemendur yfirleitt vinnusamir og jákvæðir og skemmtu sér hið besta.



Þá er gaman að geta þess að hingað komu góðir gestir í vor til að fylgja eftir foreldraverðlaunum 2013 fyrir verkefnið Sveitadagar að vori í Varmahlíðarskóla. Heimsóttu þeir bæi í Lýtingsstaðahreppi, skoðuðu mismunandi búskap og spjölluðu við nemendur og foreldra. Frá Heimili og skóla komu Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri og Anna Margrét Sigurðardóttir, formaður. Frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu komu Guðni Olgeirsson sérfræðingur og Guðrún Birna Jóhannsdóttir verkefnisstjóri.

Birgitta, Helga Sig. og Sigrún Ben.

Unglingakór Varmahlíðarskóla

Í vetur var starfræktur unglingakór við Varmahlíðarskóla en nemendur í 8. – 10. bekk gátu valið um að vera í kórnum. 32 nemendur voru í kórnum í vetur og kórstjóri var Helga Rós Sigfúsdóttir. Æft var einu sinni í viku 40 mínútur í senn fyrir áramót. Kórinn kom fram við hin ýmsu tækifæri fyrir jóla bæði innan skólans og utan, þar má helst nefna aðventuhátíðir, jólatónleika kirkjukórsins og þegar kveikt var á jólatrénu á Sauðárkróki. Eftir áramót var æfingum fækkað þar sem lítið var framundan en þá var stefnan að æfa hálfsmánaðarlega í 40 mín. Það tókst ekki þar sem margir fimmtudagar féllu úr vegna frídaga sem og t.d. skíðaferðalaga á unglingastigi. Segja má því að kórinn hafi lítið sem ekkert æft eða komið fram á vorönn.

Helga Rós Sigfúsdóttir

Valgreinar í 8. – 10. bekk

Nemendur velja námskeið tvisvar á ári, annars vegar að vori og hins vegar við annaskipti í janúar. Hlutfall kennslustunda í vali eru um það bil 25% af kennslu nemenda í unglingadeild og verður það einnig næsta skólaár. Í vetur var boðið upp á kennslu í valgreinum í 8. 9. og 10. bekk. List- og verkgreinar voru að venju stærsti hluti valsins. Kennt var í námskeiðsformi 4x í viku, 80 mínútur í senn. Í eftirfarandi töflu er hægt að sjá framboð valgreina undanfarnar annir. Það er **feitiletrað sem verður í boði á haustönn**.

Valgreinar	Kennari
Almenn matreiðsla	Bryndís Bjarnadóttir
Bakstur	Bryndís Bjarnadóttir
Byrjendapýska	Helga Rós Indriðadóttir
Fab Lab	Íris Olga Lúðvíksdóttir
Gestamóttaka og þjónusta	Bryndís Bjarnadóttir
Hestamennska	Í samvinnu við Háskólann á Hólum
IKG 102	Starfsfólk FNV
Íþróttافرæði	Sigurlína Einarsdóttir
Kórsöngur	Helga Rós Indriðadóttir
Júdo og glíma	Karl Lúðvíksson
Kvikmyndir og enska	Íris Olga Lúðvíksdóttir
Landbúnaðarval I og II	Ólafur Atli Sindrason
Leiklist	Íris Olga Lúðvíksdóttir
Leikskólaval	Starfsfólk leikskólans
Málmsmíði	Einar Örn Einarsson

Skólahreysti	Sigurlína Einarsdóttir/Íþróttakennari
Smáréttir/Veisluréttir	Bryndís Bjarnadóttir
Smíði	Sveinn Brynjar Friðriksson
Stuttmyndagerð	Íris Olga Lúðvíksdóttir og Helga Rós Sigfúsdóttir
Textílmennt	Hafdís Guðlaug Skúladóttir
Tónlist	Helga Rós Sigfúsdóttir
UTN fjarnám	Í samvinnu við FNV

Grunnskólanemendum á Norðurlandi vestra hefur verið boðið að sækja nám í áfanganum IKG 102 við FNV á Sauðárkróki. Kennt var tvær helgar, í febrúar og mars. Meginmarkmið þessa verkefnis er að ná til nemenda utan Sauðárkróks. Nemendur úr 9. og 10. bekk fengu þetta tilboð og að þessu sinni nýttu 22 nemendur sér það. Fjögurra daga námskeið í hestamennsku hefur verið í boði fyrir 9. bekkinga á vegum nema við Háskólann á Hólum. Að þessu sinni nýttu 19 nemendur sér námskeiðið sem haldið var í mars.

Nemendur fengu sem fyrr að koma með sínar hugmyndir að valgreinum og var tekið tillit til þess við valið á vorönn. Í vetur voru þróaðar fjórar nýjar valgreinar, Byrjendapýska, Kvikmyndir og enska, Landbúnaðarval og Gestamóttaka og þjónusta.

Freyja Friðbjarnardóttir

Vinaliðaverkefnið

Þetta skólaár hefur Varmahlíðarskóli, eins og aðrir skólar í Skagafirði, verið þátttakandi í verkefninu Trivselsprogrammet eða Vinaliðaverkefninu eins og við höfum kosið að kalla það. Inga Lára Sigurðardóttir hefur haldið utan um verkefnið í vetur en verkefnastjórar hér hafa verið undirritaðar.

Verkefnið gengur út á að nemendur í 4. - 6. bekk skipuleggja og stjórna leikjum í frímínútum. Þeir nemendur sem stjórna leikjunum nefnast vinaliðar. Þeir eru valdir af bekkjarfélögum sínum og starfa tvisvar sinnum í viku, hálf tónn í skólaárið. Þeir fá sérstaka þjálfun fyrir sín störf m.a. leikjanámskeið og einnig umbun í formi fríðindakorts og lokahófs. Vorum við með 6 vinaliða eða tvo úr hverjum árgangi í 4. – 6. bekk, stelpu og stráki eða 12 yfir skólaárið.

Í vetur var einnig farið af stað með verkefnið á unglingsstigi en þar þurfa nemendur að bjóða sig fram og valið úr hópi þeirra sem það gera. Ætlunin var að velja tvo fulltrúa úr hverjum bekk þ.e. 7. – 10. bekk en enginn bauð sig fram úr hópi 10. bekkinga þannig að ákveðið var að velja 4 úr 9. bekk, alls 8. Ákveðið var í samráði við vinaliða að bjóða upp á afþreyingu einu sinni í viku. Verkefnið fór rólega af stað en færðist í aukana þegar á leið og voru vinaliðar mjög sáttir í skólalok en það voru þeir sömu sem störfuðu allt skólaárið. Þess má geta að vinaliðar nýttu nær eingöngu salinn í íþróttahúsinu þegar velja átti leiki eða stað fyrir leikina.



Aðalmarkmiðið með verkefninu er að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu og almennri hreyfingu í frímínútunum og skapa um leið betri skólaanda. Einnig að bjóða nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í morgunfrímínútum þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Reynsla okkar í vetur sýnir að störf Vinaliða ýta undir fjölbreyttari leiki, betri samskipti nemenda og vinskap þvert á aldur. Gaman hefur verið að sjá hvernig nemendur skemmta sér í leik, hvort sem um er að ræða gamla og góða leiki eða nýja.

Hafdís Stefánsdóttir og Kristvina Gísladóttir

Vorferðir

Vorferðalag 1. - 4. bekkjar



Mánudaginn 19. maí lögðum við í 1. - 4. bekk af stað með nesti og nýja skó í ferðalag. Við borðuðum morgunmat um hálfnú í skólanum og lögðum af stað kl. 9 út á Sauðárkrók. Þar heimsóttum við hin ýmsu fyrirtæki eins og t.d. Mjólkusamlagið, Gestastofu sútarans, Skammtímavistun og Iðju-hæfingu. Við borðuðum nestið okkar í vallahúsinu við íþróttavöllinn og þar gátu allir farið á klósettið áður en haldið var áfram. Vorum við komin í skólann aftur um tólfleytið í hádegismat. Eftir hádegismat löbбуðum við niður í KS

Varmahlíð og fengum okkur ís. Þessi tími var mjög hentugur fyrir vorferðalag yngri nemenda, hefði ekki mátt vera lengri.

Hafdís, Lára og Sara

Skólaferð 5. bekkjar

Skólaferð 5. bekkjar að vori var að þessu sinni helguð ljóðinu Skín við sólu Skagafjörður. Í ferðinni voru krakkarnir með lista yfir sögustaðina í ljóðinu og áttu að merkja við hvaða staði við sækjum á leið okkar. Kom í ljós að við náðum að sjá 19 staði af 28. Við ókum sem leið lá frá Varmahlíð í átt að Sauðárkróki. Að gamni okkar ókum við niður að Sjávarborg en í ljós kom að þangað höfðu fáir komið. Næsti viðkomustaður var við styttuna af Jóni Ósmann, þaðan sést vel til nokkurra sögustaða úr ljóðinu. Þá var ekið út á Hofsós. Þar skoðuðum við Vesturfarasetrið, fórum í sund, borðuðum pizzur og keyptum nammi í Kaupfélaginu. Þaðan ókum við að Stóragerði og skoðuðum samgönguminjasafnið. Síðasti viðkomustaður í ferðinni var hjá Sigurði Hansen, bónda á Kringlumýri. Hann bauð okkur inn í Kakalaskála og sagði okkur sögu Skagafjarðar í grófum dráttum og studdist um leið við myndirnar sem hanga uppi í skálanum. Var það mjög fróðlegt og skemmtilegt. Er skemmst frá því að segja, að allir voru afar kátir og glaðir með þessa ferð og fengum við hrós hvarvetna sem við komum fyrir þrúðmennsku og sýndan áhuga. Sigríður Garðarsdóttir var sérlegur aðstoðarmaður okkar í þessari ferð.

Birgitta Sveinsdóttir



Vorferð 6. og 7. bekkjar

Ferðin var að þessu sinni farin til Akureyrar með viðkomu í Belamerkurskóla. Þar tóku á móti okkur nemendur 6. og 7. bekkjar ásamt umsjónarkennurum og voru viðtökurnar til fyrirmyndar. Byrjað var á að sýna okkur íþróttahúsið þar sem farið var í leiki, þá var boðið upp á skúffuköku og mjólk í matsal skólans og að lokum var farin fróðleg kynnisferð um skólann. Um kynninguna sáu nemendurnir sem tóku á móti okkur. Næst lá leið okkar í keilu þar sem nemendur feyktu og felldu keilurnar af miklum móð. Pizzahlaðborð á Greifanum var næsti viðkomustaður en þaðan var gengið á Glerártorg þar sem verslað var í nokkrum búðum. Frá Glerártorgi var gengið í miðbæinn, kíkt í nokkrar verslanir áður en farið var upp í Akureyrarkirkju og hún barin augum bæði að utan og innan. Þá var Sundlaug Akureyrar heimsótt og ríkti gleði í hópnum sem skemmti sér afar vel í busluganginum. Þegar því var lokið var snætt nesti í anddyri sundlaugarinnar, síðan rokið út í rútu og ekið sem leið lá út í Jötunfell til að skoða kveikjarasafn ábúandans, hinnar 84 ára Sigrúnar Aðalsteinsdóttur. Að lokum lá leiðin heim í Varmahlíð en þangað var komið um klukkan 19:00.

Sigríður Ólöf Þóra Sigurðardóttir og Sigrún Benediksdóttir



Vorferð 8. bekkjar

Vorið 2013 vann þáverandi 7. bekkur til verðlauna í samkeppninni *Tóbakslaus bekkur*, samtals kr. 95.000. Þegar ljóst var að Varmahlíðarskóli kæmist áfram í Skólahreysti vorið 2014 var ákveðið að 8. bekkur myndi gera meira úr Reykjavíkurfirðinni með því að leggja þennan pening í hana og fá að stoppa degi lengur.

Lagt var af stað um hádegi á föstudegi og fyrsta stopp var í Staðarskála þar sem borðað var nesti eða keypt sér eitthvað gott í gogginn. Því næst lá leiðin beina leið í Kringluna þar sem nemendur fengu frjálsan tíma til kl. 19. Þá héldum við í Laugardalshöll og hvöttum okkar fólk til dáða. Þegar keppninni lauk fengum við okkur að borða á Subway og héldum því næst í Hörðuvallaskóla þar sem við gistum.



Á laugardagsmorgni var ræs kl. 8:30, morgunmatur borðaður og gengið frá. Frá Hörðuvallaskóla lá leið okkar í sundlaug Kópavogs og liðið lagt í bleyti. Þaðan héldum við svo í Smáratívoli, fórum í lasertag, borðuðum pizzur og eyddum svo góðum tíma í að skoða og prófa tækin. Á útleið voru svo nokkrar verslanir losaðar við fatnað og skó. Á Sjóminjasafnið vorum við komin um kl. 15 og byrjuðum þar á því

að fá leiðsögn um varðskipið Óðin. Því næst skoðuðum við Sjóminjasafnið sjálft. Eftir skoðunarferð um safnið var smá bið í rútu, en við vorum svo heppin að á móti safninu var ísbúðin Valdís þar sem við gátum beðið eftir rúttunni og fengið okkur á ís á meðan. Því næst lá leið okkar heim í Skagafjörðinn, með matarstoppi í Staðarskála. Heim í fjörðinn fagra vorum við komin kl. rúmlega 21 og voru allir sáttir og glaðir í ferðalok.

Helga Rós Sigfúsdóttir

Danmerkurferð 10. bekkjar

Farið var til Kaupmannahafnar þann 11. maí og komið aftur til Reykjaness þann 14. maí.

Með í för ásamt 10. bekkjum voru Helga Sigurðardóttir umsjónarkennari, Ólafur A. Sindrason dönskukennari og fararstjóri ásamt Helgu Þ. Hjálmarsdóttur sem fór með til stuðnings einum nemanda.

Lagt var af stað frá Varmahlíðarskóla um klukkan 23:30 þann 10. maí á leiðis til Keflavíkur og komið rétt um kl. 4:00 að morgni 11. maí. Þó svo komið sé snemma á flugvöllinn er gott að hafa tíma upp á að hlaupa – ef eitthvað gerist á leiðinni.

Öll ferðin var greidd af nemendum sjálfum – sem með sérstökum dugnaði og skipulagi, ásamt dyggilegum stuðningi foreldra sinna, söfnuðu fyrir ferðinni. Undantekningalítið var nemendum mjög vel tekið þegar þeir leituðu stuðnings nærsamfélagsins.

Gist var á CABINN City hóteli - í miðborg Kaupmannahafnar. Aðstaða þar var góð – þægileg stærð á öllu. Staðsetning vegur þungt á metum þar sem röltfæri er á Aðaljárnbrautarstöðina, Tívolí, Ráðhústorg og Strikið.

Nemendur skoðuðu söfn í Kaupmannahöfn m.a. Rundetårn, Tøjhusmuseet, Ripley's (furðusafnið), H.C. Andersen, Blå Planet sæðýrasafnið o.fl. Einnig var farið í síkjasiðing, Tívolí og Bakken, ásamt veitingahúsum, að ógleymsdu Strikinu.

Ferðin þótti takast vel og voru nemendur og kennarar ánægðir þegar heim var komið. Lending á Reykjanesi var um kl. 15.00 þann 14. maí og heim í Skagafjörðinn vorum við komin um kl. 20.00

Gildi slíkra ferða þarf vart að tíunda. Hluti hópsins hafði aldrei komið til útlanda áður og ekki stigið upp í flugvél. Að ferðast til annarra landa opnar huga nemenda fyrir því sem ólíkt er hinu vanalega á heimaslóðum, gerir nemendur víðsýnni og þroskar með þeim alþjóðlega samfélagsvitund. Slíkt ber ekki að vanmeta – þó svo skemmtigildi ferðanna sé auðvitað það sem nemendur einblína fyrst og fremst á.

Æskilegt væri, í tengslum við slíkar ferðir í framtíðinni, að taka upp samskipti við skóla í Danmörku – nálægt Kaupmannahöfn og koma nemendaskiptum aftur á. Slíkt eykur gildi ferða sem þessara, eykur vægi dönskukennslunnar og kemur nemendum í snertingu við hið daglega danska heimilislíf, auk þess sem kynni við jafnaldr á erlendri grundu þroska nemendur í félagsfærni. Stefnt er að því að finna skóla til samskipta við – næsta haust og hefja þar með undirbúning að skiptiheimsóknum, sem gætu hafist þar næsta vetur.

Ólafur Sindrason og Helga Sigurðardóttir

Bókasafn Varmahlíðarskóla

Starfsskýrsla veturinn 2013 - 2014

Bókasafnið var opið mestallan skóladaginn, fjóra daga vikunnar og á þeim tíma gátu nemendur skólans og starfsfólk fengið bækur að láni. Nemendur 1., 2. og 3. bekkjar fengu lánaðar bækur til að hafa í stofunum og var skipt um þær nokkuð reglulega. Þá var safnið opið fyrir almenning eftir hádegi á þriðjudögum og fimmtudögum, tvo tíma í senn, og voru það allnokkrir sem nýttu sér það, þó að þeir kæmu yfirleitt á öðrum tímum sem hentuðu þeim betur.



Bókasafn Varmahlíðarskóla

Á safninu er gott úrval skáld- og fræðiritra, bæði fyrir börn og fullorðna og nokkuð er til á hljóðbókum. Þar er einnig að finna tímarit, myndbönd og mynddiska. Fjárframlög til safnsins frá rekstraraðilum skólans hafa jafnan verið rausnarleg og gert okkur kleift að bæta verulega við safnkostinn á hverju ári.

Nemendur 1.- 6. bekkjar voru í formlegri safnkennslu einn tíma á viku og eldri nemendur fengu aðstoð við heimildaöflun ýmiss konar og gátu unnið á safninu eftir þörfum. Var það töluvert nýtt og þeir nemendur sem ekki gátu farið í sund eða íþróttir voru á safninu við heimavinnu, sinntu öðrum verkefnum eða lásu á meðan. Þrír nemendur sem læra norsku í stað dönsku sinntu fjarnámi á safninu. Einnig nýttu nokkrir nemendur 10. bekkjar aðstöðuna til að stunda UTN nám við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Listaverk eftir nemendur, unnin í myndmennt, eru jafnan höfð til sýnis á bókasafninu.

Nemendur 1.- 4. bekkjar unnu að léttum safnaverkefnum, m.a. alfræðiverkefnum eftir áhuga hvers og eins og hlustuðu á sögur, auk myndgerðar. 5. og 6. bekkjar unnu safnaverkefni o.fl. sem þjálfuðu þau í heimildaöflun ýmiss konar.

Nemendur á yngsta- og miðstigi voru afar duglegir að fá bækur að láni á safninu. Mjög misjafnt er eftir bekkjardeildum hve börnin eru dugleg að lesa og virðist þar hvatning bekkjarkennara hafa hvað mest að segja. Einnig hafði lestrarátakið sem var í gangi í vetur, góð áhrif.



Haldið var upp á *Bangsadaginn* í skólanum þriðjudaginn 29. október. Þá komu margir bangsar (og ýmis önnur kvikindi) og eigendur þeirra í heimsókn á bókasafnið.

Safnið tók þátt í *Norrænu bókasafnavikunni*, 11. - 17. nóvember og var þemað í ár *Vetur á Norðurlöndum*. Til upplestrar fyrir yngri

nemendur var valinn kafli úr sögunni *Vetur hjá Plúpp* eftir Ingu Borg og kafli úr bókinni *Zila* eftir Lana Hansen. Fyrir elstu nemendurna var lesið úr *Klakahöllinni* eftir Tarjei Vesaas.

Vakin var athygli á þeim bókum og höfundum sem fengu viðurkenningar um veturinn og atburðum tengdum bókum. Fjórða árið í röð bauð IBBY á Íslandi til stærstu sögustundar á landinu til þess að fagna

alþjóðadegi barnabókarinnar sem er 2. apríl. Í ár var Þórarinn Eldjárn fenginn til þess að semja smásögu ætlaða nemendum á öllum stigum grunnskólans. Tílefnið var alþjóðadagur barnabókarinnar sem er 2. apríl ár hvert. Komu allir nemendur og starfsfólk skólans saman í setustofu og hlustuðu á söguna *Blöndukútur í Sorpu*.

Í sumar verður bókasafnið opið hálfsmánaðarlega, tvo tíma í senn, og er nemendum 1.-5. bekkjar boðið að taka þátt í svokölluðum *sumarlestri*. Tilgangurinn með því er að hvetja til lestrar yfir sumartímann því það er viðurkennd staðreynd að þeim sem eru að læra að lesa fer aftur á sumrin. Verður þetta í ellefta sinn sem boðið er upp á sumarlestur og almennt hefur verið gerður góður rómur að þessu verkefni. Allir nemendur, fjölskyldur þeirra og starfsfólk skólans eru velkomin á safnið á opnunartíma í sumar.

Næsta vetur er stefnt að því að vinna nánar með bekkjarkennurum að verkefna- og þemavinnu ýmiss konar, þar sem safnið verði nýtt betur til upplýsingaleitar og vinnu.

Bókasafnið var opið sem hér segir:

Mánudaga kl. 8:20 – 15:00

Þriðjudaga kl. 10:00 – 15:00 (kl. 13:00 – 15:00 fyrir almenning)

Miðvikudaga kl. 9:20 – 14:00

Fimmtudaga kl. 9:20 – 15:00 (kl. 13:00 – 15:00 fyrir almenning)

Útlán veturinn 2013 – 2014

Skráð útlán voru alls 2.812 og hafði þeim fjölgað um 18% frá vetrinum 2012 - 2013.

Útlán skiptust þannig:		Meðaltal útlána á nemanda:
Nemendur	2.372 eintök	18 eintök
Starfsfólk og aðrir	432 „	

Einnig voru fengnar allmargar bækur í millisafnaláni frá Héraðsbókasafni Skagfirðinga og frá Amtsbókasafninu á Akureyri.

Efnt var til lestrarátaks í skólanum í vetur. *Lestrarhesturinn* brokkaði á milli allra bekkja og starfsfólks. Hefur það greinilega haft sín áhrif til að hvetja til lestrar og mun hann verða á ferðinni næsta vetur ef að líkum lætur.

Sumarlestur 2013



Sumarið 2013 var í tíunda sinn boðið upp á sumarlestur í Varmahlíðarskóla. Var hann ætlaður nemendum í 1. - 5. bekk og markmiðið að hvetja yngri nemendurna til að halda áfram að lesa á sumrin því kannanir hafa leitt í ljós að börnum sem eru að læra að lesa fer mjög oft aftur í lestri á sumrin.

Nemendur voru sendir heim með kynningarbréf og þátttöku-tilkynningu, þar sem foreldrar voru beðnir að vera með í ráðum og hvetja börn sín til að taka þátt, auk þess að hjálpa þeim að setja sér raunhæf markmið um hve mikið þau ætluðu að lesa.

45 nemendur skráðu sig til leiks og af þeim tóku 43 virkan þátt og stóðu við sett markmið. Alls lásu þessir 43 nemendur rúmlega 40.000 s. eða 939 s. að meðaltali sem er nokkru minna en sumarið áður.

Þátttakendur fengu send viðurkenningarskjöl, litla gjöf og gjafabréf fyrir ís að eigin vali sem KS Varmahlíð var svo vinsamlegt að gefa. Ekki voru veittar sérstakar viðurkenningar þeim sem lásu mest en verður það tekið til athugunar nú í haust.

Bókasafnið var opið hálfsmánaðarlega, tvo tíma í senn, alls fimm sinnum. Aðsókn var mjög góð og nemendum fylgdu foreldrar og systkini sem einnig fengu bækur að láni. Alls urðu útlánin 410 en auk þess lásu nemendur heilmikið af bókum sem til voru heima hjá þeim eða fengnar að láni annars staðar.

Sumarlesturinn hefur fest sig í sessi og boðið verður upp á hann aftur næsta sumar. Þess má að lokum geta að þetta verkefni hefur þrisvar sinnum fengið styrk úr *Sáttmálasjóði KS*.

*Varmahlíðarskóla 13.06.2014,
Ragnheiður Sövik*